

**Sþ.**

**481. Fyrirspurnir.**

[180. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um tjónabætur til útvegsmanna vegna veiðarfæra, sem óvirk urðu vegna banns við síldveiðum sunnanlands.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hefur rannsókn farið fram á því, hve mikil verðmæti liggja í ónýtanlegum veiðarfærum hjá einstökum útgerðarmönnum eða útgerðarfyrirtækjum vegna þess, að síldveiðar sunnanlands hafa verið bannaðar?
2. Hefur ríkisstjórnin metið hugsanlega bótaskyldu af opinberri hálfu vegna síldarnóta, sem gerðar voru sérstaklega fyrir síldveiðar sunnanlands, en verða ekki nýttar nú, eftir að þær veiðar hafa verið bannaðar með stjórnarráðs-tilskipun?

II. Til ríkisstjórnarinnar um átta stunda vinnudag.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær má vænta álits nefndar þeirrar, sem var kosin samkvæmt ályktun Alþingis 18. des. 1961 til „að rannsaka, á hvern hátt verði með mestum árangri komið á 8 stunda vinnudegi meðal verkafólks“?